

Til handhafa útboðsgagna nr. 15670 – Húsgögn (stólar) fyrir grunnskóla**Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.**


Ástæða þykir til að gera neðangreindar breytingar á útboðsgögnum. Um er að ræða litlar breytingar sem gefa ekki ástæðu til þess að lengja tilboðsfrest útboðsins.

Neðst í viðaukanum má einnig finna spurningar og svör við þeim. Svörin eru með rauðu lettri.

1. Ekki þykir ástæða til þess að hafa kafla 2.1. í útboðsgögnum og er hann því ekki lengur partur af ofangreindum útboðsgögnum. Skulu bjóðendur því aðeins notast við lágmarkskröfulistann og gæðamatið.

2.1 Teikning af húsgögnum.

Hér eru teikningar af búnaði sem kaupandi óskar eftir og skulu bjóðendur nota þetta til viðmiðunar:



2. Vegna ofangreinds, skulu bjóðendur ekki fylla út þá reiti í lágmarkskröfum sem sjá má á myndum hér að neðan:

1.9	Grind stólana skal vera eins og á teikningu af stólum í kafla 2.1 í útboðsgögnum
2.8	Stólar skulu vera sambærilegir teikningu af stólum í kafla 2.1 í útboðsgögnum

3. Í útboðslýsingu og tilboðsbók er óskað eftir nemendastólum með z- laga fótum. Hefur það verið endurskoðað og á neðangreind breyting við á öllum þeim stöðum þar sem fjallað er um z- laga fætur. Breytingin er eftirfarandi og merkt með rauðu: **Nemendastólar með z eða u - laga fótum**

Spurningar og svör

Spurning: „Eiga stólar með z-laga fótum að vera með filttöppum?

Svar: Ekki er gerð krafa um filttappa, en það væri ákjósanlegt.

Spurning: „Eiga stólar á hjólum að vera með mjúkum hjólum fyrir hörð gólf?“

Svar: Já, hjólin þurfa að vera mjúk.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra útboðsgagna.

